

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur.

Efni: Umsókn um styrks til viðgerða Skíðaskálans Hengils í Bláfjöllum.

Skíðadeildir ÍR og Víkings óska eftir að ÍTR veiti styrk að upphæð kr. 2.5 milljónir vegna bráðavanda sem upp er komin í skíðaskála Hengils kt 431209 – 1360. sem er í eigu skíðdeilda ÍR og Víkings.

Þessi bráðavandi er þannig tilkominn að raki hefur á einhverjum tíma komist í ilögn gólfs aðalega í svefnrými í norðurenda og lítilega í suðurenda skálans. Gólfín hafa bólгнаð upp og farið er að bera á myglu.

Samkvæmt verklýsingu frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST) sem sá um alla verkfræðilega hönnun hússins er getið um að ilögn undir dúk skuli vera sement að einum hluta og sandur að tveimur og kvart hlutum, en eftir þessu hefur ekki verið farið og ilögnin efni sem heitir ANHYDRAT sem ekki má nota ef einhverstaðar gæti komist raki að efninu.

Föstudaginn 18. maí fóru þeir Einar H. Jónsson, Páll Arnarson frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og Kristinn Gíslason umsjónamaður skálans til að skoða og meta skemmdir. Það er mat þeirra að skemmdir á gólfi þurfi að lagfæra sem allra fyrst þar sem þessir hlutar eru ekki hæfir til gistingar. En skíðadeildirnar reyna hvað þau geta að fá útleigu og tekjur á húsið yfir sumartímann. En eins og staðan er í dag er skálinn ekki boðlegur til útleigu. Áætluðum við viðgerðakostnað 2,5 milljónir.

Til upplýsingar þá hefur orðið vart við raka í útveggjum hússins sérsaklega í forstofum. Þetta er orðið þurrt í dag, þökk sé varmadælum sem settar voru upp s.l. haust. Við vinnu við lagfæringar á útveggjum kom í ljós að ekki hefur verið farið að fyrirmælum VST þar sem sagt er að klæðning útveggja skuli vera 2x13 mm gips, innri plötur hefðbundið gips en ytri plötur skuli vera svokallað trefjagips en það er rakavarið. Því miður hefur byggingaraðili einvörðungu notað hefðbundið gips í allar klæðningar.

Það er von okkar að okkur takist sómasamlega að lagfæra það með því að mála útveggi með akrílmálningu.

Við eftirtaldir félagar, Sigurbjörn Gunnarsson, Tómas Sigursteinsson, Halldór V. Hreinsson og Kristinn Gíslason, sem jafnfram hefur séð um skálavörslu í vetur, eru í skálanefnd skíðaskálans Hengils, kjörnir af stjórnnum skíðadeilda ÍR og Víkings.

Fyrir hönd skálanefndar skíðadeilda ÍR og Víkings.

Kristinn Gíslason

Sigurbjörn Gunnarsson

Halldór Vagn Hreinsson

Tómas Sigursteinsson